

## Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar haldinn þriðjudaginn 30. apríl 2001, kl. 12:15 á skrifstofu stofnunarinnar í Nýja Garði.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, formaður, Björn Björnsson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Salvör Nordal.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.
2. Fjallað um starfsmannamál Siðfræðistofnunar. Salvör Nordal, nýráðin forstöðumaður, boðin velkomin til starfa.
3. Vilhjálmur greindi frá því að viðbótarnámið í starfstengdri siðfræði hefði verið samþykkt formlega innan Háskólans. Fagleg stjórn verður í höndum heimspekiskorar en umsjón námsins verður hjá Siðfræðistofnun. Rætt um leiðir til að kynna námið fyrir einstökum faghópum. Þá nefndi Vilhjálmur þann möguleika að fljótlega uppá M.Paed og M.A. nám í Starfstengdri siðfræði.
4. Vilhjálmur skýrði frá fundi með Halldóri Jónssyni, Þórði Kristinssyni og Tryggva Þórhallssyni vegna nýrrar reglugerðar fyrir Siðfræðistofnun. Reglugerðin býður nú formlegrar afgreiðslu Háskólaráðs. Siðfræðistofnun hefur nú flutt aðstöðu sína á 4. hæð Nýja Garðs – húsnæði Hugvísindastofnunar. Hefur það náþýli reynst vel. Fjárveitingar ársins til stofnunarinnar liggja ekki endanlega fyrir en rektor hefur þó ábyrgst fjárveitingu til fullrar stöðu forstöðumanns.
5. Siðfræðistofnun sendi inn umsókn í 5. rammaáætlun Evrópusambandsins í lok febrúar til samanburðarrannsóknar á fjórum gagnagrunnum á heilbrigðissviði: á Íslandi, Englandi, Eistlandi og Svíþjóð. Umsóknin markar tímamót í starfsemi Siðfræðistofnunar enda er hér um mjög stórt og umfangsmikið verkefni að ræða. Þá hafa verið sendar inn umsóknir til Nordbok vegna útgáfu Siðfræðilegrar guðfræði, til Rannís um verkefnið Siðareglur gagnagrunna og verið er að leggja lokahönd á umsókn í Norfa um siðfræði og líftækni.
6. Lögð fram dagskrá fyrir norræna fundinn *Mannleg reisn í læknisfræði* sem haldinn verður 24.-26. maí, n.k. Linn Getz hefur skipulagt dagskrána. Styrkur fékkst frá Norfa til verkefnisins.
7. Rætt um starfið framundan og möguleika á málþingum. M.a. var lagt fram erindi frá Borgarleikhúsinu um hugsanlegt samstarf næsta vetur.

Fleira ekki gert og fundi slitið 13:30